

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarféluginu Skagafirði.

1. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla í samþykkt nr. 249/2005 um fráveitur í Sveitarféluginu Skagafirði.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

	<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Tæmingargjald kr.</i>
Rotþró	0-2.000	30.028
"	2.001-4.000	33.850
"	4.001-6.000	37.672

Innheimta skal tæmingargjald eftir að tæming hefur farið fram.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu: Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6.001 lítri skal vera 4.149 kr./m<sup>3</sup> fyrir hverja losun.

Fjárhæð tæmingargjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 m, en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega 4.650 kr. á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða fullt tæmingargjald auk aukagjalds sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 13. desember 2017 og staðfestist hér með, samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, einkum 15. gr. og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og fellur þá gjaldskrá sama efnis nr. 1088/2016 úr gildi.

*Sauðárkróki, 13. desember 2017.*

**Ásta Björg Pálmadóttir** sveitarstjóri.